

Umsókn um akstursþjónustu við eldra fólk

Akstursþjónustan er eingöngu fyrir íbúa Árborgar, 67 ára og eldri, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, búa utan stofnunar og get ekki ekið ökutæki samkvæmt læknisvottorði.

[Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Sveitarfélaginu Árborg](#)

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn
Kennitala
Lögheimili
Sveitarfélag
Netfang
Sími

Tengiliður, nánasti aðstandandi / maki / annar

Nafn
Kennitala
Netfang
Sími

Ástæða umsóknar

Notar þú hjálpartæki ?

- ☐ **Nei**
- ☐ **Já** Hakið í það sem við á:
- ☐ Hjólastól en þarf ekki sérútbúin bíl.
 - ☐ Hjólastól en þarf sérútbúin bíl (getur ekki farið úr stólnum)
 - ☐ Göngugrind

Fylgiskjöl:*

Ekki er hægt að afgreiða umsókn nema fyrir liggi læknisvottorð um ökuhæfni.

Upplýsingar

Staðfesting á réttri upplýsingagjöf*

Ég staðfesti að allar upplýsingar í sambandi við umsókn þessa eru réttar.
Staðfesting á kynningu á meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Árborg*

Dagsetning

Undirskrift

- ☐ Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér meðferð persónuupplýsinga sem er að finna á umsókn þessari.*

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslu vegna umsóknar þessarar. Unnið er með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að vinna úr umsókn og til að leggja mat á rétt umsækjanda til félagslegrar þjónustu samkvæmt 16. gr., VII. og XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaskyldu, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við úrvinnslu umsóknarinnar er unnið með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur: Almennar persónuupplýsingar, þ.e. nafn, heimilisfang, kennitölu, símanúmer, netfang og aðrar upplýsingar sem umsækjandi kemur á framfæri. Þá kann að verða unnið með persónuupplýsingar um tengilið, þ.e. nafn, tengsl, netfang og símanúmer. Upplýsinga er aflað frá umsækjanda auk þess sem sveitarfélagið sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Einnig geta upplýsingar borist frá fleiri aðilum s.s. Tryggingastofnun, heilbrigðisstofnunum o.fl.

Sveitarfélagið varðveitir upplýsingar í tengslum við umsókn ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Komi til veitingar á þjónustu samkvæmt umsókn verður almennum upplýsingum um umsækjanda miðlað til þjónustuveitanda. Sveitarfélagið mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema að sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við umsókn. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem aðgengileg er á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is)